

From: ingi@boreal.is <ingi@boreal.is>

Sent: þriðjudagur, 18. febrúar 2020 20:06

To: Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>; **Subject:** Leitað leyfis landeiganda eða annars rétthafa, erindi til allra sveitastjórna.

Ágætu sveitastjórnir,

Í 22. Gr. náttúruverndarlaga“ Lagasafn. Íslensk lög 10. janúar 2020. Útgáfa 150a“ segir m.a. „Utan þéttbýlis skal leita leyfis landeiganda eða annars rétthafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða.“
Ath. sögnin að „nota“ felur í sér skv. orðanna hljóðan alla notkun, en ekki aðeins náttun.

Við höfum þegar lagt til við Umhverfissráðuneytið breytingar á þessari lagagrein, breytingartillaga okkar hljóðar svo:

22.grein;

“Utan þéttbýlis skal leita leyfis landeiganda eða annars rétthafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða.”

Breytist í:

Utan þéttbýlis skal leita leyfis landeiganda eða annars rétthafa ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað til að náttá utan skipulagðra tjaldsvæða hafi þessi tæki ekki salernisaðstöðu. Fyrir sambærileg tæki sem hafa salernisaðstöðu t.a.m. ferðasalerni þarf ekki að leita leyfis, þá gildir Almennarétturinn enda skal ferðamaðurinn virða umgengisreglur í hvívetna og gæta að grónu landi.

Einnig teljum við rétt að kaflaheitið; „Heimild til að tjalda“ sé ekki nógu lýsandi og færi betur ef kaflaheitið væri;“ Heimild til að náttá.“

Eftir samskipti við Umhverfisstofnun sem vísar máli okkar til Forsætisráðuneytis sem vísar máli okkar til Umhverfissráðuneytis og Umhverfisstofnunar sem vísa erindi okkar til sveitafélaganna, leitum við leyfis „landeiganda eða annars rétthafa“ , þ.e. sveitafélaganna þar sem það á við „ef nota á tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða“.

Með kveðju og von um snögg og jákvæð svör.

Sigríður Arna Arnþórsdóttir, félagi í Félagi Húsbílaeigenda,
Sveinbjörn Halldórsson, félagi og formaður 4x4
Þorvarður Ingi Þorbjörnsson, félagi í Félagi Húsbílaeigenda og 4x4
Boreal ehf., skráður eigandi að húsbíl.